

**Sp. 253. Tillaga til þingsályktunar** [140. mál]  
um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna tuttugu ára afmælis lýðveldisins.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson,  
Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að veita fimm milljónir króna til þess að minnst tuttugu ára afmælis lýðveldisins þann 17. júní í ár með eftirfarandi móti:

Veitt skulu verðlaun, er samanlagt nema þessari upphæð, fyrir beztu afrek íslenzkra manna á sviði tónlistar, myndlistar, bókmennta, sagnaritunar og vísindarannsókna, svo og fyrir ritgerðir og rannsóknir, er varða auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Menntamálaráð skal annast veitingu þessara verðlauna samkvæmt reglugerð, er það semur og menntamálaráðherra staðfestir. Verðlaunaafhending fari fram 17. júní 1964.

Greinargerð.

Það er rétt og nauðsynlegt, að íslenzka lýðveldið minnst tuttugu ára afmælis lýðveldisstofnunarinnar með nokkru því móti, er orðið gæti til þess að efla þjóðmenningu vora, auka á þjóðerniskenndina og laða fram sem flesta hæfileikamenn á hinum ýmsu sviðum lista og vísinda. Því er með þáttill. þessari lagt til, að Alþingi veiti fimm milljónir króna til veitingar verðlauna fyrir beztu afrek á ýmsum sviðum íslenzkrar menningar svo sem:

Á sviði tónlistar: fyrir símfónísk verk, óperur, ballett o. fl.

Á sviði myndlistar: fyrir málverk, höggmyndir, kvikmyndir o. s. frv.

Á sviði fagurra bókmennta: fyrir skáldsögur, leikrit, ljóð o. s. frv.

Á sviði sagnaritunar: fyrir rit eða rannsóknir á íslenzkum bókmenntum, sögu, íslenzkri tungu o. fl.

Á sviði vísinda: fyrir hvers konar rannsóknir og uppgötvanir íslenzkra manna.

Á sviði hagnýtra rannsókna: fyrir ritgerðir og hvers konar rannsóknir varðandi auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Lagt er til, að menntamálaráð annist úthlutun þessara verðlauna og undirbúning allan. Fari þar um eftir reglugerð, er ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.